



Lögreglustjóri Vesturlands  
Hr. Úlfar Lúðvíksson, lögreglustjóri  
Bjarnabraut 2  
310 Borgarnesi

Akranesi, 7. júní 2015

**Efni: Löggæslukostnaður vegna Írskra daga á Akranesi 2.-5. júlí 2015**

Með þessu bréfi er þess farið formlega á leit við lögregluna á Vesturlandi að hugað verði að fyrirkomulagi löggæslu í tengslum við fjölskylduhátíðina Írskir dagar á Akranesi sem haldnir verða 2.-5. júlí næstkomandi.

Undanfarin ár hefur Akraneskaupstaður greitt sérstaklega fyrir aukin viðbúnað lögreglu vegna hátíðarinnar. Greiðslan hefur fyrst og fremst grundvallast á því að í eldra skipulagi löggæslumála samkvæmt lögreglulögum var fjöldi starfandi lögreglumanna á Akranesi mun færri en nú er. Eftir stækjun lögregluembættanna um síðustu áramót eru aðstæður með allt öðrum hætti enda er fjöldi lögreglumanna á Vesturlandi nú 32 talsins. Geta má í þessu sambandi að vegna sjómanna- og fjölskylduhátíðarinnar Sjóarinn síkáti í Grindavík sem var haldin dagana 5.-7. júní síðastliðinn þurfti Grindavíkurbær ekki að greiða sérstaklega fyrir aukna löggæslu og sama gildir um menningarhátíðina Ljósanótt sem einnig er haldin á Suðurnesjum sem kunnugt er. Í almennri deild hjá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum eru 36 menn sem er ekki fjarri þeirri tölu lögreglumanna sem nú er á Vesturlandi.

Ekki er til staðar gjaldtökuheimild í lögreglulögum númer 90/199 vegna slíkra hátíða sbr. 34. gr. laganna. Hins vegar er til staðar heimild samkvæmt lögum númer 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald til að að innheimta kostnað við aukna löggæslu hjá leyfishafa hverju sinni en þá þarf að vera um að ræða atburði sem kalla á sérstaka leyfisveitingu. Ekki er um slíkt að ræða hvað varðar viðburði sem Akraneskaupstaður stendur sjálfur fyrir umrædda daga.

Akraneskaupstaður óskar eftir áframhaldandi góðu samstarfi við lögreglu vegna Írskra daga svo unnt sé að tryggja með sem bestum hætti framkvæmd fjölskylduhátíðarinnar. Á næstu dögum mun Hallgrímur Ólafsson verkefnastjóri Írskra daga leita til ykkar og óska eftir fundi til að fara yfir dagskrána. Ef vilji er til er undirrituð reiðubúinn að sitja þann fund.

Virðingarfyllst,  
F.h. Akraneskaupstaðar

Regína Ávaldsdóttir,

bæjarstjóri

